

SKATTUR Á FYRIRTÆKI fyrirtækjaskattaréttur

Skattasniðganga
eða öllu heldur misnotkun á
skattalögum

Ásmundur G. Vilhjálmsson
Glærupakki 13

Skattasniðganga – hugtak og skilgreining

- Með skattasniðgöngu er átt við aðgerð sem umfram allt er efnt til í þeim tilgangi að öðlast **óréttmætt skattahagræði**
- Á vissan hátt er því um misnokun á skattalögum (anda, tilgangi) að ræða
- Orðið skattamisnotkun myndi því ef til vill hæfa betur lýsingu á þessari háttsemi en skattasniðganga sem merkir að fara fram hjá, virða að vettugi, komast hjá réttilega ákvörðuðum sköttum

Höfuðeinkenni skattasniðgöngu

HEILDARHUGTAK

- Skattasniðganga felur sem sé í sér misnotkun á skattalögum. Þessa misnotkun má gróflega flokka í þrennt:
 1. **Bannregla.** Aðgerð gengur í berhögg við lög. Dæmi þessa er vantaling tekna/oftalning gjalda)
 2. **Óheimilar aðgerðir.** Aðgerð er óheimil án þess að fela í sér brot á bannreglu. Dæmi þessa er gjaldfærsla einkakostnaðar sem rekstrarkostnaðar
 3. **Ólögfest ófyrirséð tilvik. Holur í skattalögum.** Aðgerð felur í sér hagnýtingu á ólögfestu ástandi, einhverju sem mönnum hefur sést yfir við lagasetningu. Ok, en er það ekki sama og **skattafyrirhyggja** eða skattaskipulagning?

Skattafyrirhyggja - grundvallarmunur

- **SKATTAFYRIRHYGGJA**

- Með skattafyrirhyggju er átt við aðgerð sem felst í því að færa sér í nyt **lögfestar reglur** (það er **ekki** ólögfestar) í þeim tilgangi að öðlast fyrirséð/útreiknað skattahagræði

- Einkenni skattafyrirhyggju

- Notkun **LÖGFESTRA** reglna andstætt ólögfestum
- **Fyrirséð tilvik** gagnstætt **ófyrirséðum**
- Rekstrarlegar/viðskiptalegar ástæður. Hagsmunir fyrirtækis í fyrirrúmi. Dæmi þessa er Frestun skattlagningar á hagnaði, öflun á fyrnanlegri eign svo að unnt sé að færa niður kaupverð hennar um fjárhæð hagnaðarins

Af hverju sniðganga menn og fyrirtæki skatta

- Ólík skattlagning skattskyldra aðila og tekna skapar freistingar sem reynslan sýnir að margir eiga erfitt með að standast
- Dæmi:
 - Skattur af hagnaði í einstaklingsrekstri er 36,94% og 46,24% á meðan ehf. þarf aðeins að greiða 36%. Hér munar því um 10,24%. Af 1 millj. er þetta 102.400 kr., af 2 millj. 2 x 102.400 kr. o. s. frv.
 - Skattur af launatekjum er 36,94% og 46,24% á meðan þeir sem afla fjármagnstekna þurfa aðeins að greiða 20%. Vegna þessa er eðlilegt að hluthafi í ehf. vilji frekar taka út hagnað sinn í formi arðs en launa. Fleiri tilvik má nefna ...

Helstu birtingamyndir skattasniðgöngu

- Tekjudreifing – Börnin í verkefninu
 - Hluti af tekjum foreldris taldar fram hjá börnum – til að nýta óráðstafaðan persónuafslátt þeirra
- Tekjuhliðrun – Stjórnarformaðurinn í verkefninu
 - Launatekjur sagðar verktakatekjur. Tilgangur að öðlast meiri frádráttarrétt
- Tekjuflutningur - Hækkun í hafi
 - Tekjur láttnar myndast í landi þar sem ekki þarf að greiða neina skatta eða verulega lægri skatta en á Íslandi. Dæmi Jón Ólafsson

Flokkun skattasniðgöngu

byggist á kenningum Jans Pedersen

- Það er alltaf spurning hvað maður á að kalla hlutina. Ég hef valið þessi hugtök:
 - Skattkvæmni, sem er þýðing á danska orðinu **skattetækning** – tækning þýðir hugkvæmni eða að fá hugmynd, detta niður á eitthvað, finna holu
 - Skattundráttur, sem er þýðing á danska orðinu **skatteundragelse**
 - Skattsvik, sem er þýðing á danska orðinu **skattesvig**

Skattkvæmni, hugtak og skilgreining

- Skattkvæmni, sbr. orðið hugkvæmni sem merkir að láta sér detta eitthvað í hug, finna eitthvað upp
- Skattkvæmni einkennist af því að maður uppgötvar holur í skattalögum sem hægt er að nota til að öðlast ófyrirséð skattahagræði. Dæmi:
 - Skv. áður gildandi skattalögum var yfirfærsla á tapi milli rekstrarára **óháð** því hvort breyting hefði verið gerð á eignarhaldi fyrirtækis eða tilgangi rekstrar
 - Margir nýttu sér þetta með því að kaupa tapsfyrirtæki og gera svo út frá því enduskoðunarstofu sína, bókhalds fyrirtæki o. s. frv.

Skattvæmni, dæmi úr skattframkvæmd

- Tvö slík mál gengu til YSN
 - Mál nr. 1346/1994. Bakarí varð endurskoðunarstofa
 - Mál nr. 1349/1994. Útgerðarfyrtæki varð bókhaldsstofa
 - ✓ Niðurfelling skattstjóra á tapi fyrirtækjanna ómerkt vegna skorts á lagastoð
 - Sjá nánar Skattur á fyrirtæki, bls. 832-833
- Skv. áður gildandi skattalögum voru hvers konar ríkisbréf o. fl. undanþegin eignarskatti að fullu, það er óháð skuldum. Sjá áðurgildandi 2. mgr. 78. gr. TSL er hljóðaði svo:
 - Auk heimildar í 1. mgr. er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvixla ...

Skattvæmni, fleiri dæmi, afleiðing

- Margir nýttu þeir sér þetta fyrirkomulag með því að taka lán og kaupa skattfrjáls ríkisbréf. Nokkur mál gengu til YSN og taldi hún ekki heimilt að skattleggja ríkisbréfin að því marki sem skuldunum nam
- **Kennisetning**
 - Hið opinbera leggur áherslu á að allir greiði réttan skatt með réttum hætti
- **Afleiðing**
 - Þegar ófyrirséðar smugur uppgötvast er því venjulega brugðist við með því að breyta skattalögum. Stoppa upp í götin. Stundum tekst þetta, stundum ekki. Tíminn sem tekur að grípa í taumana er líka mislangur

Skattundandráttur, hugtak og skilgreining

Einbeittur brotavilji, það er ásetningur og stórkostlegt gáleysi vantar

- Með skattundandrætti er átt við aðgerð sem er óheimil samkvæmt skattalögum án þess þó að baka hlutaðeigandi refsíábyrgð. Dæmi
 - Gjaldfærsla einkakostnaðar sem rekstrarkostnaðar
 - Óheimilar úttektir úr hf., ehf.
 - Allar eignir og skuldir ekki yfirfærðar við sameiningu eða gagngjald ekki eingöngu í formi eignarhluta í yfirtökufélagi/viðtökufélagi svo dæmi séu nefnd

Skattundandráttur, afleiðingar

- Afleiðingar
 - Skattkvæmni er almennt viðurlagalaus enda fer ekki nein leiðrétting á skattstofnum fram þegar svo stendur á
 - Við skattundandrátt geta afleiðingar hins vegar orðið margvíslegar
 - Leiðrétting
 - á skattskyldum aðila. Framhjá horf
 - á skattskyldum tekjum. Bæði tekna og skilmálabreyting
 - Viðurlög
 - 25% álag á vantalda skattstofna
 - 10% álag á undandregna staðgreiðslu, vangreiddan vsk. Dráttarvextir

Skattsvik, hugtak og skilgreining

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn ...

- Með skattsvikum er átt við **vísvitandi** ranga eða villandi skýrslu um eitthvað er varðar skattlagningu sem veldur því að skattar aðila verða lægri en þeir annars hefðu orðið. Dæmi:
 - Skattaðili telur ekki fram einhverjar tekjur sem honum **með vissu** hafa hlotnast
 - Skattaðili dregur frá tekjum kostnað sem hann **með vissu** hefur ekki orðið fyrir við öflun tekna o. s. frv.

Skattsvik, afleiðingar

Má beita álagi og sekt saman

- Verði aðili uppvís að skattsvikum skal - segi og skrifa - skal gera honum refsingu að lágmarki
 - **TVÖFALDRI ÞEIRRI SKATTFJÁRHÆÐ SEM UNÐAN VAR DREGIN – breytt skattfrákvæmd**
 - Greiði skattaðili ekki sekt innan 4 vikna frá dómsuppsögu getur hann þurft að afplána hana í fangelsi
 - Fésektar lágmarkið gildir ekki þegar eingöngu hefur verið um vanskil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti að ræða og skattaðili hefur staðið skil á ákveðnu lágmarki þess
 - 25% álag vegna leiðréttingar skattstofna dregst frá sektarfjárhæð

Sektarrefsing í framkvæmd

ásetningsbrot versus greiðsluerfiðleikar

- Upphaflega var heimilt að gera aðila sekt allt að tífoldri þeirri fjárhæð sem undan var dreginn. Skv. því var ekkert sektar lágmark við líði. Í framkvæmd var aðilum þó aldrei gerð meiri sekt en nam 33% til 50% af hinni undandregnu fjárhæð
- Með setningu laga nr. 42/1995 var ákveðið að lágmarksrefsingin skyldi aldrei vera lægri en tvöföld hin undan dregna fjárhæð. Í því sambandi var enginn munur gerður á því hvort um vantalningu tekna/oftalningu gjalda eða vangreiðslu á staðgreiðslu/virðisaukaskatts væri að ræða
- Engu máli skipti heldur þótt einungis væri um greiðsludrátt á vsk./staðgreiðslu að ræða. Í Hrd. 2003:3178 hafði öll staðgreiðsla/virðisaukaskattur t.d. verið greidd. Eigi að síður var tvöföldun beitt. **PETTA FANNST MÖNNUM ÓRÉTTLÁTT**
- Með lögum nr. 134/2005 var lágmarksrefsing vegna vanskila á staðgreiðslu/virðisaukaskatti því afnumin:
- *“...hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.”*

Hvað þýðir verulegum hluta

- Í Hrd. 2006:1539 var „verulegur hluti“ skilgreindur sem $1/3$ af vanskilunum það er höfuðstól vanskilanna
- Skv Hrd. 18. desember 2008, mál nr. 341/2008 getur skattaðili sem hefur staðið skil á $1/3$ hluta vangreiddrar staðgreiðslu/virðisaukaskatts búist við að fá fésekt sem nemur **10% af höfuðstól vanskilanna**

Mörk skattkvæmnis og skattafyrirhyggju

- **VIÐ AFMÖRKUN SKATTKVÆMNI OG SKATTAFYRIRHYGGJU REYNIR Á**
 - hið ófyrirséða gagnvart hinu fyrirséða,
 - skyndilega og stundum óvænta uppgötvun gagnvart einhverju sem þekkt er,
 - hagnýtingu á ólögfestu ástandi, nokkru sem mönnum yfirsást við lagasetningu, gagnvart lögfestu ástandi, sem stjórnvöld hafa reiknað út hvað kosti

Mörk skattkvæmnis og skattafyrirhyggju. Dæmi úr lögum

- **EINSTAKLINGAR**

- Viðbótarlífeyrir, nú
- Sala á íbúðarhúsnæði eftir 2ja ára eignarhaldstíma
- Kaup á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum, áður
- Kaup á hlutabréfum í fjárfestingartilgangi, áður

Mörk skattkvæmnis og skattafyrirhyggju. Dæmi úr lögum

- **FYRIRTÆKI**

- Val á rekstrarformi
- Frestun og dreifing hagnaðar af sölu ákveðinna eigna
- Kaup á nýjum eignum og niðurfærsla á kaupverði þeirra um fjárhæð frestaðs ...
- Samsköttun móður og dótturfélags
- Sameining, skipting

Mörk skattkvæmnis og skattundandráttar

- Við skattundandrátt er heimilt að leiðrétta en ekki við skattkvæmni. Mikilvægt er því að geta greint þessar aðgerðir í sundur. Í því sambandi vegast á tvenns konar sjónarmið
 - **Meginreglan um samningsfrelsi** – hið fyrra
 - Skv. henni ráða menn formi samninga sinna sjálfir. Kjósi þeir að kalla ráðningarsamning verktakasamning getur því enginn bannað þeim það. En hvað um efnið, ráða þeir því?
 - **Jafnrétti fyrir lögum** - hið síðara
 - **SKV. HENNI MÁ EKKI MISMUNA VIÐ SKATTLAGNINGU**

Mörk skattkvæmni og skattundandráttar, framhald

- Skattyfirvöld hafa mjög rúma leiðréttingarheimild. Þau verða þó að fara að lögum, sbr. skilgreiningin á skattkvæmni – lagaheimild skortir
- Hverjar eru þessar lagaheimildir
 - Skráðar reglur. Hin einstöku skattalög
 - Almennar meginreglur þar með talið grunnregla 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um óvenjuleg viðskipti í fjármálum sem stundum er líka nefnd **RAUNVERULEIKAREGLAN**. Sjálfstæð regla

1.mgr. 57. gr. TSL

Almenn leiðréttingar heimild

Grunnregla. Sem slík endurspeglar hún eitthvað meira ...

- Ef skattaðilar **SEMJA** um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem **almennt** gerist í slíkum viðskiptum **skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna**

Raunveruleikareglan, nánar

- Samkvæmt raunveruleikareglunni hafa skattyfirvöld heimild til að leiðrétta viðskiptakjör aðila ef efni samninga þeirra er ekki í samræmi við raunveruleikann
- Í skattframkvæmd er algengast að þetta stafi af því að um **málamyndasamning** sé að ræða. Dæmi: Ég ræð þig sem verktaka þótt þú sért raunverulega launþegi. Ég meina ég stjórna því hvenær þú mætir til vinnu, hvað þú gerir o. s. frv.
- Sama gildir þegar menn sitja báðum megin við samningsborðið og samningurinn ...

Raunveruleikareglan, dæmi - framhald

- Við skulum skilja á pappírnum til að fá hærri barnabætur, vaxtabætur o. s. frv. Svo skrái ég lögheimilið hjá mömmu ...
- Ég stofna þetta sameignarfélag og sel því svo eignarhluti mína í B hf. á skuldabréfi til X ára. Þótt ég verði að greiða 20% fjármagnstekju- skatt af vöxtunum sparast nefnilega $36\% - 20\% = 16\%$ af hundraði í skatt þar sem félagið getur dregið vextina að fullu frá tekjum hjá sér

Óvenjuleg viðskipti.

Grunnregla 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003

- Einkennandi fyrir óvenjuleg viðskipti er að þau víkja frá því sem menn myndu semja um við eðlilegar aðstæður. Til að koma á slíkum samningum er því yfirleitt undirskilið
 - Tengsl á milli aðila, einstaklingar í hjónabandi, foreldrar og afkomendur þeirra, fyrirtæki í eigu sömu aðila. Semsagt lokaður hringur þar sem heildarniðurstaða af viðskiptunum er 0
 - **ENGIN REKSTRARLEG ÁHÆTTA.** Tekjur hjá einum í hringnum teljast gjöld hjá öðrum. Innantóm viðskipti, eins konar bókhaldsæfingar sem umfram allt er efnt til í því skyni að öðlast óréttmætt skattahagræði. Sá eini sem tapar er ríkið, það er **ÞÚ OG ÉG**

Hvað geta skattyfirvöld gert á grundvelli 57. gr. TSL?

- Endurákvarðað tekjuskattsstofn. Hækkað eða lækkað tekjur og gjöld, eignir og skuldir
- Breytt eðli tekna. Ákveðið að skattleggja verktakaþóknun sem laun og öfugt
- Horft í gegnum aðila. A telst því ekki hafa selt B heldur C sem kvaðst hafa keypt eignina af B. Hagnaður, sem B hlotnaðist af viðskiptunum, telst því til tekna hjá A ekki B

Mogens Glistrup



Mál I. Guðmundssonar, sbr. dóm héraðsdóms Rvík dags. 25. feb. 1995

- IG ehf. var innflutningsverslun. Árið 1999 keypti félagið sf. sem átti fyrir verulegt tap í rekstri. Í framhaldi var sf. látið standa fyrir innflutningi á vörum fyrir IG ehf. sem IG ehf. hafði reyndar áður flutt inn
- Vörurnar voru síðan seldar yfir til IG ehf. með verulegri álagningu. Um leið og tapið var uppurið var viðskiptunum hætt. Sameignarfélagið stundaði ekki eigilegan rekstur
- Í raun var það aðeins bókhaldsdæmi í vörslu IG ehf. Þar sem innkaupaverð vörunnar var miklu hærra en útsöluverð ollu innkaupin/salan eðlilega tapi hjá IG ehf.
- Við endurákvörðun skattstjóra var hagnaður sf. af viðskiptunum skattlagður hjá IG ehf. með 25% álagi

Mál GJÁ lögmannsstofu, sbr. dóm HRD 2002/2631

- G rak lögmannsstofuna GJÁ. Eignarhlutur hans í stofunni var 99%. H ehf. var annað félag sem G átti einnig 99% eignarhluta í. Þetta félag hafði verið rekið með tapi (19 millj.)
- Á árunum 1994 og 1995 ákvað G að selja vinnu sína og sonar síns út í gegnum H fyrir í stað GJÁ. Útsöluverð þessa nam 19 millj. sem GJÁ greiddi H um 15 millj. fyrir
- Við endurákvörðun á sköttum GJÁ ehf. var horft fram hjá H og tekjur þess hækkaðar um 15 millj. sem samsvaraði hagnaði H með 25% álagi með eftirtöldum rökum:

HRD 2002/2631

- *G ehf. færði til gjalda um það bil 15 milljónir króna í rekstrarreikningum sínum árin 1994 og 1995 vegna kaupa á lögfræðipjónustu af H ehf., sem lögmennirnir G og J veittu viðskiptavinum G ehf. en þáðu greiðslur fyrir frá H ehf. Á þeim tíma, sem málið varðaði, var G eigandi að 99% hlut í báðum félögunum. Athugun skattstjóra á bókhaldsgögnum H ehf. leiddi í ljós að kostnaður félagsins vegna þjónustu, sem það keypti af G, og launa og launatengdra gjalda, sem það greiddi vegna hans og J, nam samtals 185.000 krónum árið 1994 og 3.799.148 krónum árið 1995. Fyrir álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1995 námu eftirstöðvar ónotaðs rekstrartaps H ehf. frá fyrri árum tæplega 19 milljónum krón. Kom því ekki til álagningar tekjuskatts á félagið á árunum 1995 og 1996 vegna tekna þess af þeirri þjónustu, sem var seld G ehf.*
- *Í dómi Hæstaréttar segir að eins og atvikum sé háttað verði að ganga út frá því, líkt og gert hafi verið af hálfu skattyfirvalda,¹⁾ að viðskipti félaganna hafi fyrst og fremst komið til vegna þeirra hagsmuna, sem aðaleigandi þeirra hafði af því hjá hvoru félaginu tekjur G ehf. af seldri þjónustu kæmu til skattlagningar. Þá yrði að teljast ljóst að ákvörðun um að greiða þeim G og J fyrir þjónustu, sem var veitt viðskiptavinum G ehf., af reikningi H ehf., hafi fyrst og fremst haft það markmið að mynda viðskipti á milli félaganna með það fyrir augum að nýta rekstrartap H ehf. á móti tekjum G ehf., enda muni viðskiptunum að mestu hafa lokið þegar ónotaða rekstrartapið var upp urið*
- *Séu ekki efni til að draga í efa að áðurnefnd stjórnunar- og eignatengsl milli félaganna hafi þar ráðið úrslitum. Í ljósi alls þessa hafi skipti félaganna verið verulega frábrugðin því, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, og engin ástæða til að ætla að til þeirra hefði komið milli óskyldra aðila. Hafi skattstjóra því verið rétt að lækka gjaldfærðan rekstrarkostnað G ehf. um þær fjárhæðir, sem voru mismunur á því gjaldi, sem félagið innti af hendi til H ehf., og þeim greiðslum, sem runnu frá síðarnefnda félaginu til G og J, sbr. þá meginreglu, sem búi að baki 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981*

Sundagarðsmálið

- Samþykkt var að lækka hlutafé um 26.552.591 kr. með greiðslu til hluthafa í formi skuldabréfa
- Skuldabréfin voru vaxta- og afborgunarlaus til 12 ára. Til að halda verðmæti sínu þurfti því að greiða 214.126.514 krónur og var það samþykkt
- Afföll bréfanna námu því 87,6% af nafnverði eða alls 187.573.923 krónum
- Við endurákvörðun var þessi gjaldfærsla felld niður og skattstofn hækkaður með 25% álagi

Röndumálið, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 263/2003

- A hf. gaf út skuldabréf til 30 ára án vaxta, verðbóta og nokkurra trygginga. Bréfið var gefið út í Suður-Afrískri mynt (röndum) og hljóðaði á 7,1 milljarða (framreiknað)
- A hf. seldi svo bréfið til félags á Gurnsey, F ltd., í eigu sömu aðila og A hf. á 51 millj. Afföllin námu því 7,1 millja. – 51. millj. sem þýddi að félagið hefði orðið skattlaust næstu 30 árin ...
- Við endurákvörðun á sköttum félagsins var gjaldfærsla affallanna felld niður og skattstofninn hækkaður með 25% álagi

Mörk skattundandráttar og skattsvika

- Afmörkun skattundandráttar gagnvart skattsvikum er fyrst og fremst spurning um ásetningarstig. Er unnt að kenna manni um að hafa vantalið tekjur/oftalið gjöld - það er spurning
- Umfang undandráttar skiptir þó einnig máli. Því hærri tekjur/gjöld sem vantalin/oftalin eru því ósennilegra verður að telja að ekki sé unnt að kenna honum um að hafa vantalið tekjur/oftalið gjöld sín með ásetningi og eða stórkostlegu gáleysi

TAKK